

## Frumvarp til laga

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2003“ hvarvetna í 81. gr. laganna kemur: 1. nóvember 2003.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Þegar frumvarp til nýrra barnalaga (nr. 76 frá 27. mars 2003) var samþykkt á 128. löggjafarþingi láðist að breyta dagsetningum í 81. gr. þess, sem fjallar um lagaskil, til samræmis við gildistökuákvæði þess sem var breytt í meðförum allsherjarnefndar úr 1. janúar 2003 í 1. nóvember 2003. Frumvarpi þessu er ætlað að samræma lagaskilaákvæði og gildistökuákvæði laganna áður en þau taka gildi 1. nóvember nk.